

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla

nefndasvid@althingi.is

Sendandi: Guðmundur Engilbertsson lektor í menntunarfræði við Háskólann á Akureyri

Ég geri athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla (154. löggjafarþing, 2023–2024, þingskjal 87).

Tillagan er í þremur liðum og felur í sér innleiðingu hugmyndafræði verkefnisins *Kveikjum neistann* (KN) sem er tíu ára þróunarverkefni í Grunnskóla Vestmannaeyja og hefur nú staðið yfir í nokkur ár.

- a-liður felur í sér að leggja eigi áherslu á bókstafa-hljóðaaðferð við lestrarkennslu,
- b-liður felur í sér að innleiða eigi í stað hraðamælinga stöðumatspróf með bókstafa-hljóðaaðferð, lesskilningspróf og mat á skriflegum texta,
- c-liður felur í sér að leggja eigi áherslu á að hver nemandi fái áskoranir miðað við færni.

Þegar tillagan er skoðuð (a, b og c) virðist sem flytjendur hennar hafi ekki góða innsýn í aðalnámskrá grunnskóla eða þekkingu á því starfi sem fer fram í grunnskólum — mögulega fyrir utan Grunnskóla Vestmannaeyja. Það er t.d. lögbundið hlutverk grunnskóla og skrifað í aðalnámskrá grunnskóla að koma skuli til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda — með öðrum orðum að leggja áherslu á að hver nemandi fái áskoranir miðað við færni. Tillagan (c-liður) felur því ekki í sér neina raunverulega breytingu á námskrá og er óþörf.

Aftur ber á skilningsleysi þegar lagt er til að skipta út mælingum á lesfimi (eins og það sé eina mælingin á lestri í grunnskólum) fyrir mælingu á öðrum þáttum (t.d. lesskilningi). Í grunnskólum er stuðst við margs konar mat á lestri, t.d. skimunarpróf, þar sem m.a. er fylgst með stafabekkingu og umskráningarfærni, greiningarpróf, sem meta marga þætti lestrar og greina m.a. lestrarerfiðleika, og lesskilningspróf sem meta ýmsa þætti er varða hugræna úrvinnslu við lestur, s.s. minni og staðreyndabekkingu, orðaforða og ályktunarfærni. Nýtt stöðumatspróf með bókstafa-hljóðaaðferð — sem rétt er að benda á að mælir leshraða, en ekki lesskilning — kann að vera æskileg viðbót en það getur ekki talist röklegt eða skynsamlegt að skipta út öðrum matstækjum fyrir eitt slíkt viðbótarpróf. Hér er ekki tekin afstaða til þess hvernig eða hversu oft lesfimipróf eru notuð en vísbendingar eru um að huga þurfi vel að því. Góð próf eru vel þegin án þess að ryðja öðrum gagnlegum prófum úr vegi og aðalnámskrá ætti ekki að mæla fyrir um hvaða próf eigi að nota eða ekki.

Þá er það a-liðurinn sem felur í sér að áherslu á svokallaða „bókstafa-hljóðaaðferð“ við lestrarkennslu. Í umfjöllun um þessa „bókstafa-hljóðaaðferð“ hefur borið á ákveðnu skilningsleysi eða ranghugmyndum, því hljóðun bókstafa (phonics) er einn grundvallarþátta lestrarkennslu og á allt eins við í þeim skólum sem vinna út frá t.d. Byrjendalæsi eða Vörðum og vegvísunum eins og í KN verkefninu. Ástæða er til að hvetja flytjendur tillögunnar, og þau sem taka hana til umfjöllunar, til að kynna sér vel lestrarkennslu í íslenskum skólum — ekki bara í einum skóla. Það er beinlínis rangt sem haldið hefur verið fram af forsvarsmönnum KN að í mörgum grunnskólum á Íslandi sé ekki lögð áhersla á samband hljóða og stafa.

Tillagan í heild er óskynsamleg og sú hugmynd að ætlast til að tiltölulega nýlegt þróunarverkefni (sem t.d. á alveg eftir að útfæra fyrir mið- og unglingastig) verði haft að leiðarljósi aðalnámskrár grunnskóla er ekki ásættanleg. Þar með er ekki verið að kasta neinni rýrð á þróunarverkefnið KN. Því virðist fylgja ástríða, orka, fjármagn og gott utanumhald og almennt má ætla að vel fjármögnuð starfsþróunarverkefni séu líkleg til að skila árangri en viðlíka fjármögnun er afar fátíð. Það verður áhugavert að fylgjast með þróun KN en þar sem opinberar áætlanir liggja ekki fyrir um framhaldið er um óvissuferð að ræða.

Þar sem minnst er sérstaklega á Einfalda lestrarlíkanið í greinargerðinni er rétt að benda á að í KN er lögð sýnileg áhersla á tæknilega þáttinn í líkaninu, umskráninguna, en erfitt er að sjá í kynningu eða umræðu um KN hvort, hvaða, eða hvers konar áhersla, er lögð á hinn grunnþáttinn í líkaninu, málskilning. Það er því ráðgáta. Einfalda lestrarlíkanið byggir á sýn sem liggur á milli sýnar á læsi sem telst við eða þröng. Þröng sýn felur í sér að læsi sé fyrst og fremst tækni (umskráning og réttitun) sem auðvelt er að mæla og styrkja. KN lestrarfræðin virðist nær þeirri þröngu sýn á læsi en þeirri sýn sem felst í Einfalda lestrarlíkaninu – alla vega enn sem komið er.

Bókstafa-hljóðaaðferðir eru til í mörgum útfærslum og við vitum ekki nægilega vel hvaða útfærslur eru notaðar á Íslandi. Hljóðaaðferðir (phonics) eru eindaraðferðir sem snúa að afmörkuðum þætti lestrar og þegar umskráningarfærni (decoding) hefur verið náð gegna þær ekki lengur neinu hlutverki í lestrarkennslu. Ef einhliða áhersla er lögð á slíkar aðferðir og horft fram hjá öðrum mikilvægum þáttum lestrar getur það jafnvel unnið gegn helsta markmiði lestrar sem er að taka lesefnið hugartökum og lesa til þess að læra. Þar er um nám að ræða sem tengist djúppgerð læsis (deep literacy learning) og yfirfærslu eða nýmyndun (transfer literacy learning) og byggir á hugrænni úrvinnslu, málskilningi og krefjandi hugsun. Í því gangverki hafa hljóðaaðferðir lítið fram að færa. Það að mæla fyrir um tiltekna „bókstafa-hljóðaaðferð“ í skólastarfi og kalla eftir að yfirvöld beiti sér fyrir þeirri nálgun á kostnað annarra kann, mögulega, að stuðla að einfaldri grunnfærni (einn færniþáttur) en draga í leiðinni úr áherslu á hugræna úrvinnslu í lestri og þróun hæfni til merkingarsköpunar.

Í framsögu með þingsályktunartillögunni var minnst á að búið væri að lögfesta bókstafa-hljóðaaðferð í skólastarfi í Bretlandi. Í því samhengi má benda á viðamikla rannsókn á lestrarkennslu þarlendis þar sem í ljós kom að áherslan á samþætta lestrarkennslu þar sem horft væri til mismunandi þátta lestrar hefði á undanförunum áratugum vikið fyrir einhliða áherslu á samtengjandi hljóðaaðferð (synthetic phonics) og bókstafi og hljóð. Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að áhersla á samþætta nálgun í lestrarkennslu væri árangursríkari en kennsla sem einblínir á einn færniþátt (Wyse og Bradbury, 2021) og er það til samræmis við niðurstöður viðamikillar yfirlitsrannsóknar Hatties (2009) um áhrif læsistengdra þátta á nám. Það er því ekki hægt að segja að sammæli séu um mikilvægi hljóðaaðferða í lestrarkennslu á kostnað samþættra aðferða þó hljóðun bókstafa gegni vissulega mikilvægu hlutverki í lestrarkennslu. Í KN verkefninu virðist lögð áhersla á stakan þátt lestrar (hljóðun bókstafa) en ekki á samþættingu færniþátta.

Rétt er að árangur í PISA (sem minnst er á í greinargerðinni) er alls ekki góður en rannsóknir héraðs (t.d. Freyja Birgisdóttir, 2016) og erlendis (t.d. Arnbak, 2012) benda til þess að það sé fyrst og fremst slakur orðaforði eða málskilningur sem skýri þann slaka árangur. Í ítarlegri greiningu á PISA niðurstöðum 2015 kom fram að úrræðaleyfi við lausn PISA-verkefnanna stafaði fyrst og fremst af slökum orðaforða og lesskilningi. Í gögnum PISA um kennsluaðferðir (sjá kynningu í kynningarröðinni Þælt í PISA) er að finna vísbendingar um að héraðs skorti markvissa lesskilningskennslu og áherslu á djúpan lesskilning. Eftir sem áður hefur umræða um læsi héraðs fallið í skotgrafir um grunnfærni í lestri, á mörkum leik- og grunnskóla, og karp um byrjendalestur. Tillagan sem hér um ræðir er afsprengi slíkrar umræðu og leggur ekki til þess mikilvæga verkefnis, hvernig við eflum hugræna færni nemenda og útsjónarsemi við lausn PISA-verkefna.

Heimildir sem vísað er til

Arnbak, A. (2012). To what extent do basic skills predict students' PISA reading score? Í N. Egelund (ritstjóri), *Northern lights on PISA 2009 – focus on reading* (bls. 75–90). Nordic Council of Ministers.

<http://dx.doi.org/10.6027/TN2012-501>

Freyja Birgisdóttir. (2016). Orðaforði og lestrarfærni: Tengsl við gengi nemenda í lesskilningshluta PISA. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. http://netla.hi.is/wp-content/uploads/2016/09/04_16_serrit.pdf

Hattie, J. (2009). *Visible learning: A synthesis of over 800 meta-analyses relating to achievement*. Routledge.
Pælt í PISA – greining á stöðu læsis, annar fundur af sjö haldinn 23. janúar í Stakkahlíð, Menntavísindasviði HÍ.

Upptöka af fundinum má finna á slóðinni

[https://l.facebook.com/l.php?u=https%3A%2F%2Fvimeo.com%2F905919428%3Ffbclid%3DIwAR2Besti4fF8C955IiVtrfrKBUG4rdGaCQH6Lzg6VPthOjXr46KEjog1pCw&h=AT11F_gTsNXyjlxt0_tOAqOV1KiORE4cZc8JV8ju_a-SEq_61zDVhPMLgOwMNMqgmMTAzy3yp0zXST-0gw2Cm5QKYcNQJep-AxQfbl1sEiFfnmTwvivO67PV5LdSU7QVCFCpP&_tn_=-UK-y-R&c\[0\]=AT2aUsGK3Kqm_o2vFajivRlybp_2EW3JdGYBMY_sQtIJJTj5yESchYHIZqEDM7H77YLHO0se7Hki5yv5TvjvnPIDAPqAUxyjVjf7LojTSeunGMGO1Tz8wrr3rfiKcy5uBYaVqIvPPo0MiB5ubqX_GVrI6CLiOTKAbcPAr68iM5BRWVZQWGinPjtGKG16WOaCdRuEh0vt6H0ZudbUeinK5hZ0aZv7e4HakkOKG_gEESMeMQ](https://l.facebook.com/l.php?u=https%3A%2F%2Fvimeo.com%2F905919428%3Ffbclid%3DIwAR2Besti4fF8C955IiVtrfrKBUG4rdGaCQH6Lzg6VPthOjXr46KEjog1pCw&h=AT11F_gTsNXyjlxt0_tOAqOV1KiORE4cZc8JV8ju_a-SEq_61zDVhPMLgOwMNMqgmMTAzy3yp0zXST-0gw2Cm5QKYcNQJep-AxQfbl1sEiFfnmTwvivO67PV5LdSU7QVCFCpP&_tn_=-UK-y-R&c[0]=AT2aUsGK3Kqm_o2vFajivRlybp_2EW3JdGYBMY_sQtIJJTj5yESchYHIZqEDM7H77YLHO0se7Hki5yv5TvjvnPIDAPqAUxyjVjf7LojTSeunGMGO1Tz8wrr3rfiKcy5uBYaVqIvPPo0MiB5ubqX_GVrI6CLiOTKAbcPAr68iM5BRWVZQWGinPjtGKG16WOaCdRuEh0vt6H0ZudbUeinK5hZ0aZv7e4HakkOKG_gEESMeMQ)

Wyse, D. og Bradbury, A. (2021). Reading wars or reading reconciliation? A critical examination of robust research evidence, curriculum policy and teachers' practices for teaching phonics and reading. *Review of Education*. <https://bera-journals.onlinelibrary.wiley.com/.../rev3...>